

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 2. apríl 2020
UST202003-573/B.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun - Vindorkugarður við Grjótháls. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 23. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur ólíklegt að núverandi „vegur“ um Grjótháls muni nýtast þar sem vegurinn mun hvorki uppfylla kröfur um burðarþol eða planlegu þar sem verulegir þungaflutningar munu fara um veginn vegna fyrirhugaðra framkvæmda og því skuli gera grein fyrir lagningu nýs vegar að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Fram kemur í greinargerð að staðsetning, fjöldi og hæð vindmylla ráði mestu um helstu umhverfisáhrif þessara mannvirkja. Að mati Umhverfisstofnunar eru þetta þeir þættir sem afgerandi eru varðandi umhverfisáhrif vindmylla af þeirri stærð sem hér um ræðir og ættu því að verða þungamiðja umfjöllunar við mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að við mat á umhverfisáhrifum verði fjallað um umhverfisáhrif þriggja valkosta þar sem ýmist verða reistar tvær eða sex vindmyllur, mismunandi staðsetningu þeirra og möguleg hæð sem er ýmist 135 eða 150 m á hæð og minnstu áhrif látin ráða hver verður framkvæmdakostur.

Í ljósi umfangs þessara mannvirkja og staðsetningu þeirra á mótaum Norðurárdals og Þverárhliðar þaðan sem víðsýnt er um Borgarfjörð telur Umhverfisstofnun að líta ætti til víðara svæðis en 15 km frá Grjóthálsi þegar fjallað verður um áhrif mannvirkjanna á ásýnd og landslag.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að innan og við framkvæmdasvæðið er graslendi, votlendi og skóglendi og innan landareignanna eru birkiskógur, tjarnir og myrar sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að votlendi fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með

orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um votlendið í frummatsskýrslunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.


Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillöguna. Að mati stofnunarinnar er góð og fullnægjandi grein gerð fyrir þeim umhverfisþáttum sem fyrir áhrifum verða.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur



Axel Benediktsson
sérfræðingur